

Ed.

541. Frumvarp

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Við útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga samkvæmt 7. gr. laganna skal farið eftir þessum reglum:

- a. Við ákvörðun hlutfallsins milli skattskyldra tekna og hlutfjár skal með innborguðu hlutfje telja varasjóð þann, sem fjelaginu kann að hafa safnast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.
- b. Ef nokkuð af ársarði fjelagsins er lagt í varasjóð, þá er $\frac{1}{3}$ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til hluthafa, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna fjelagsins á því ári.
- c. Sem varasjóð samkvæmt b.- og c.-lið má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem eru ekki beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.
- d. Reglurnar í þessari grein koma í fyrsta skifti til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1925.

2. gr.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af launum þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitargjöldum þeirra íslenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.